



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Beiðni SSH um aðkomu sveitarfélaganna að þjónustu Vettvangs- og ráðgjafarteymis (VoR-teymis) og mögulegri vetraropnun sérstaks neyðarskýlis

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að ganga til samninga við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vegna beiðni þeirra um aðkomu sveitarfélaganna að þjónustu VoR-teymis og vetraropnunar sérstaks neyðarskýlis. Áætlaður kostnaður sveitarfélaganna að þjónustu vettvangshluta VoR-teymis, miðað við tvö stöðugildi, er metinn á 22 m.kr. á ári. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna vetraropnunar í tvo mánuði er metinn 15 m.kr. Áætlaður kostnaður SSH yrði því 6 m.kr. miðað við hlutfallslega skiptingu íbúafjölda sveitarfélaganna.

Greinargerð:

Eftirfarandi erindi, dags. 22. september 2023, barst frá samráðshópi SSH um velferðarmál:

Á fundi samráðshóps um velferðarmál var samþykkt að óska formlega eftir því við velferðarsvið Reykjavíkurborgar að önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu gætu haft aðkomu að VOR-teyminu. Einnig var samþykkt að sveitarfélögin tækju þátt í viðbótarkostnaði opunar gistiskýlanna sem þörf er á yfir köldustu mánuðina. Óskað er eftir upplýsingum um hugsanlegan kostnað sveitarfélaganna að teymi borgarinnar sem og hvort borgin telji að sveitarfélögin gætu nýtt sér VOR-teymið. Samkvæmt nýútkominni skýrslu voru 76 einstaklingar, í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, skilgreindir með heimilisleysi, en af þeim höfðu 9 nýtt sér neyðargistingu Reykjavíkurborgar og 19 til viðbótar voru í tímabundnu húsnæði fyrir heimilislauða.

Í skýrslunni kemur m.a. fram greining á hópnum:

- Hópur sem er í brýnni þörf fyrir húsnæði þar sem úthlutun er ekki bundin ströngum skilyrðum og mikil aðstoð þarf að fylgja húsnæðinu til að tryggja árangursríka búsetu.
- Hópur sem ekki á í nein hús að venda að næturlagi þarf aðgang að neyðaraðstoð á vettvangi.
- Þeir 76 einstaklingar sem tilheyra hópnum eru í bráðum húsnæðisvanda. 77% eru karlar, 88% hafa íslenskt ríkisfang, 22 einstaklingar eru með staðfesta fötlunargreiningu.
- Á árinu 2022 gistu 67 einstaklingar í gistiskýlum í samtals 1435 nætur og kostnaður sveitarfélaganna er áætlaður yfir 60 m.kr.
- 55% hópsins býr í Kópavogi.

Neyðarathvarf Reykjavíkurborgar - kostnaðarmat

Heildarkostnaður vegna virkjunar neyðaráætlana í málaflokki heimilislaustra vegna veðursveturinn 2022-2023 var um 18 m.kr. Í minnisblaði sviðsstjóra dags. 18. okt. 2023 hefur verið



unnið kostnaðarmat varðandi vetraropnun í sérstöku neyðarathvarfi veturinn 2023-2024. Þar kemur m.a. fram:

Æskilegt væri að koma á fót tímabundnu dagsathvarfi fyrir karlmenn í desember og janúar þegar áætla má að neyðaráætlanir verði virkjaðar. Þjónustutími væri utan opnunartíma neyðarskýla og lögð áhersla á vinnslu mála á neyðarstigi. Félagsráðgjafar á miðstöðvum sem sinna ráðgjöf við notendur í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir væru þar með fasta viðveru og óskað eftir samstarfi við aðrar stofnanir og félagasamtök. Um væri að ræða tímabundna sprettavinnu til að fá góða vinnslu í mál en staðreyndin er sú að alltof margir notendur nýta neyðarskýli án þess að eiga húsnæðisumsókn eða eiga umsókn sem fangar ekki stuðningsparfir þeirra.

Áætlaður kostnaður fyrir tvímönnun á vakt í tímabundnu vetrardagsetri (desember – janúar) með opnunartíma frá 09:00 - 17:00 er 15 m.kr. Með því væri hægt að taka á móti að hámarki 25 gestum.

VoR teymi Reykjavíkurborgar - kostnaðarmat

Mat velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er að skynsamlegast sé að hefja samstarf nágrannasveitarfélaga með aðkomu í vettvangshluta VoR-teymis með möguleika á frekara samstarfi með húsnæðisteymi í framtíðinni, ef þörf reynist. Hér fyrir neðan má sjá áætlað kostnaðarmat vegna þátttöku annarra sveitarfélaga að vettvangsþjónustu teymisins og frekari skilgreiningar á hlutverki þess.

VoR-teymið er að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar einn mikilvægasti hlekkurinn í stuðningskeðju við notendur sem glíma við miklar og flóknar þjónustuparfir. Notendur innan málaflokks heimilislausra þurfa á mjög sértækri þjónustu að halda út frá vímuefnanotkun, geðrænum áskorunum og langri áfallasögu. Því er mikilvægt að hafa teymi líkt og VoR sem er reiðubúið að mæta fólki á þeim stað sem það er statt og styðja við fólk út frá einstaklingsmiðuðum þörfum. Sýna þarf mikinn sveigjanleika og lausnamiðaðar nálganir í starfi með heimilislausum.

VoR-teymið skiptist í tvo hluta; vettvangsteymi og húsnæðisteymi. Það er mat velferðarsviðs Reykjavíkurborgar að önnur sveitarfélög gætu nýtt vettvangsþjónustu VoR-teymis sem einn hluta af stuðningi við heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Ef óskir berast um að nýta starfskrafta húsnæðisteymis krefst það aukinnar mönnunar sem ekki er kostnaðarmetin hér.

Vettvangsteymi: Sinnir þjónustu á vettvangi til heimilislausra notenda sem nýta neyðarskýli, og dvelja á víðavangi (tjöldum, bílum, utandyra o.fl.). Félagsráðgjafar miðstöðva sækja um aðkomu VoR-teymis fyrir notendur og er forsenda inntöku í þjónustu teymisins að vera skilgreindur í markhópi samkvæmt húsnæðisumsókn í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Sjá nánar í [reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði](#).

Vettvangsteymi bregst einnig við ábendingum frá samfélaginu um neyðaratvik á vettvangi. Um er að ræða tímabundna aðkomu vettvangsteymis með það að markmiði að tengja við viðeigandi kerfi án kröfu um að notandi sé skráður í þjónustu teymis. Vettvangsteymið sinnir einnig eftirliti við staði þar sem heimilislausir dvelja líkt og bílakjöllurum, opnum svæðum, yfirgefnum húsum o.fl.

Mönnunarmat: Út frá þeim forsendum sem tiltekna eru í þessari greinargerð er áætluð þörf fyrir aukningu um tvö stöðugildi í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Laun eru í samræmi við launaflokk 244 skv. núgildandi launatöflu Eflingar og Reykjavíkurborgar. Starf væri unnið á dagvinnutíma með það að markmiði að tengja og styðja



Reykjavíkurborg

notendur í samskiptum við félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og/eða aðrar viðeigandi stofnanir sem og að bregðast við ábendingum frá samfélaginu. Áætlaður kostnaður er metinn 22 m.kr. á ári.